

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 234/2018

2021/EES/62/13

frá 5. desember 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1032 frá 20. júlí 2018 um leyfi fyrir rýmkun á notkun olíu úr smásæju þörungunum *Schizochytrium* sp. sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1293 frá 26. september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu laktítóli ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

„– **32018 R 1032**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1032 frá 20. júlí 2018 (Stjtið. ESB L 185, 23.7.2018, bls. 9),

– **32018 R 1293**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1293 frá 26. september 2018 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2018, bls. 2).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 138. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1018):

„139. **32018 R 1032**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1032 frá 20. júlí 2018 um leyfi fyrir rýmkun á notkun olíu úr smásæju þörungunum *Schizochytrium* sp. sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 185, 23.7.2018, bls. 9).

140. **32018 R 1293**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1293 frá 26. september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu laktítóli (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2018, bls. 2).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 185, 23.7.2018, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 243, 27.9.2018, bls. 2.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1032 og (ESB) 2018/1293, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.